

T I L L A G A

að starfsreglum um vígslubiskupa.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elídóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elídóttir.

1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi og skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi. Um afmörkun umdæmanna er mælt fyrir í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.

Vígslubiskupar skulu hvor um sig hafa aðsetur í umdæmum sínum á hinum fornu stólum í Skálholti og á Hólum.

2. gr.

Vígslubiskupar starfa í umboði biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í starfsreglum og samþykktum kirkjuþings. Þeir eru biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er biskup felur þeim svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur.

Vígslubiskupar hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum, veita andlega leiðsögn og efla kirkjulíf. Þeir hafa tilsjón með að stefnumörkun kirkjunnar sé framfylgt hvað varðar helgihald, boðun, fræðslu og kærleiksþjónustu kirkjunnar í umdæmum sínum.

Vígslubiskupar vísitera prestaköll og söfnuði í umdæmum sínum eftir áætlun biskupafundar. Vísitasíur vígslubiskupa beinast einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi.

3. gr.

Vígslubiskupar hafa tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

4. gr.

Vígslubiskupar skulu annast sáttaumleitanir í umdæmi sínu þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófasts eða hann sagt sig frá málinu.

Vígslubiskupum er heimilt að kalla til aðstoðar fagfólk á sviði sem ágreiningsmál varðar. Skila skal biskupi Íslands skriflegu álitum ef sættir takast ekki.

5. gr.

Vígslubiskupar styðja við starfsemi biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuþing veitir. Þeir eru biskupi og kirkjuþingi til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á.

Vígslubiskupar bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samstarfi við viðkomandi prest.

6. gr.

Vígslubiskupar veitir úrlausn í málum sem prófastar vísar til þeirra.

7. gr.

Vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu, er staðgengill biskups Íslands í forföllum og leyfum biskups. Vígslubiskup, sem yngri er að biskupsvígslu, er annar staðgengill.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2016, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2021-2022 lagði biskup Íslands fram tillögu að endurskoðuðum starfsreglum um vígslubiskupa, 19. mál. Málið var dregið til baka og samþykkt að gildandi starfsreglur um vígslubiskupa skyldu standa áfram óbreyttar til 1. janúar 2023. Var þá m.a. haft í huga að á þinginu var einnig samþykkt að stofna fimm manna starfshóp er skyldi skilgreina þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófaste og vígslubiskupa sem skila á af sér á kirkjuþingi 2022.

Tillögur þessar eru efnislega áþekkar framangreindri tillögu biskups. Þó er lagt til að reglurnar séu styttrar lítillega og almennt ekki endurtekið það sem er að finna í öðrum starfsreglum kirkjuþings eða öðrum reglum. Gerð er tillaga um að skyldum málefnum og verkefnum vígslubiskupa sé betur skipað saman í einstökum ákvæðum tillagnanna, til að ekki verði um óþarfar endurtekningar að ræða innan starfsreglnanna.

Í greinargerð með framangreindri tillögu biskups segir svo í almennum inngangi:

Með brottfalli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 féllu brott ákvæði um vígslubiskupa og stöðu þeirra í skipulagi kirkjunnar. Núgildandi starfsreglur um vígslubiskupa sem settar voru með heimild í þeim lögum munu því falla úr gildi 31. desember 2021.

Alþingi samþykkti í júní sl. ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Við afgreiðslu og samþykkt frumvarpsins að þessum nýju lögum um þjóðkirkjuna á kirkjuþingi var gengið út frá því að kirkjuþing samþykkt nýjar starfsreglur um allt það sem féll brott við brottfall laga 78/1997 og samþykkt yrði á

kirkjuþingi að stæði áfram sem hluti af skipan, stjórn og starfsháttum þjóðkirkjunnar með heimild í hinum nýju lögum. Kom það nokkuð skýrt fram í umræðum um frumvarpið á kirkjuþingi.

Í ljósi þess hafa vígslubiskuparnir unnið saman að þessum tillögum og leggja þær fram sem tillögur að nýjum starfsreglum um vígslubiskupa. Það er lagt fram til samþykktar á kirkjuþingi 2021 og leggja til að gildistími þess verði 1. janúar 2022.

Talsverðar breytingar hafa orðið á þjónustu vígslubiskupa allra síðustu árin. Þróun á staðgengilshlutverki þeirra gagnvart stjórnsýsluákvörðunum biskups Íslands og vanhæfisreglu stjórnsýslulaga hefur orðið til þess að meira reynir á afleysingu vígslubiskupa til ákvæðinna verkefna sem biskup kys að fela þeim.

Hér er gengið út frá því að kirkjan vilji áfram starfa í anda stjórnsýslulaga sem gilda í landinu sem lög frá Alþingi þótt kirkjunni sé það hugsanlega ekki skylt. Staða biskups hefur breyst mjög mikið sem æðsta yfirmanns kirkjunnar eftir að aðskilnaður ríkis og kirkju hefur verið staðfestur enn frekar í lögum frá Alþingi og kirkjan er orðin sjálfstæðari stofnun en áður var. Það kallar á formlegri samráðsvettvang biskupana þriggja sem að hluta til gegna biskupsþjónustu sem einn maður þótt stærsti hluti starfa þeirra byggja á því að þeir gegna sjálfstæðum embættum og verkefnum á kirkjulegum vettvangi. Þetta hefur verið hröð þróun og má telja nauðsynlegt að búa þessu aukna samráði, sameiginlega forystuhlutverki og afleysingum við biskup Íslands fastara form en verið hefur.

Í þessum tillögum er reynt að koma til móts við þetta nýja umhverfi en um leið er kirkjuþingi ætlað að vinna að breytingum á nýjum starfsreglum um vígslubiskupa eftir því sem skipulag kirkjunnar þróast. Það liggur ekki fyrir núna hvornig það muni þróast en nauðsynlegt er að búa embætti og þjónustu vígslubiskupa formlega umgjörð í ljósi þess skipulags sem núna er í gildi og byggja um leið á því sem verið hefur í gildi um störf þeirra.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi, sbr. 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 og skiptist það í tvö umdæmi vígslubiskupa. Stærð og skipting umdæma er óbreytt frá núverandi starfsreglum um vígslubiskupa. Þó er lagt til, svo forðast megi endurtekningar, að vísað sé til starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði um umdæmaskiptinu í stað þess að telja þau einnig upp í þessum starfsreglum.

Um 2. gr.

Ákvæðinu er ætlað að skilgreina almennar skyldur vígslubiskupanna en síðan eru sértækari verkefni þeirra skilgreind í næstu ákvæðum. 1. mgr. er að mestu leyti óbreytt frá núgildandi starfsreglum, nema hvað í stað þess að rætt sé um „kirkjulega skipan sem segir í lögum“ þykir eðlilegra að ræða um starfsreglur kirkjuþings. Annað það sem tekið er fram í 2. gr. er að finna einkum í 10. gr. tillagna í 19. máli kirkjuþings 2021-2022, en þykir fara betur á að skipa saman í einu ákvæði hér.

Um 3. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá því er greinir í 3. mgr. 10. gr. tillagna í 19. máli kirkjuþings 2021-2022. Þykir fara betur á því að hafa þetta í sérákvæði fremur en að hafa það í 2. gr. þar sem almennar starfsskyldur eru skilgreindar.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 7. gr. tillögu í 19. máli kirkjuþings 2021-2022.

Um 5. gr.

Ákvæðið er að mestu efnislega óbreytt frá því er greinir í 1. og 2. mgr. 5. gr. tillagna í 19. máli kirkjuþings 2021-2022. Þó er lögð til breyting á lokamálsgrein ákvæðisins þar sem kveðið er á um að vígslubiskupar beri ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest komi í stað „samráðs við viðkomandi sóknarprest“ : í samstarfi við viðkomandi prest.

Lagt er til að ekki verði um þá nákvæmu upptalningu að ræða sem fram kemur í 3. og 4. mgr. tillagna í 19. máli. Hvorki getur kirkjuþing ákveðið skipun í stjórnir og nefndir sem fleiri en þjóðkirkjan standa að, né þykir heppilegt að skilgreina í slíkum smáatriðum allar starfsskyldur starfsmanna kirkjunnar.

Um 6. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá því sem greinir í 9. gr. tillagna í 19. máli kirkjuþings 2021-2022.

Um 7. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá því sem greinir í 3. gr. tillagna í 19. máli kirkjuþings 2021-2022. Í greinargerð með 19. máli segir svo:

Hér er átt við afleysingu í leyfum biskups Íslands og að jafnaði við önnur þau störf sem koma á borð biskups og hann felur vígslubiskupum. Að jafnaði gegnir sá vígslubiskup þessu hlutverki nema annað hamli en þá er það sá vígslubiskup sem yngri er að biskupsvígslu sem teljast verður annar staðgengill.

Lagt er til að tillögur þessar að starfsreglum öðlist gildi við birtingu. Ekki er gert ráð fyrir að aukinn kostnaður frá því sem nú er, hljóti af samþykkt tillagna þessara.